

Til Félaga



Ritarar – Rafræn leikskýrsla

Leiðbeiningaskjal vegna ritun rafrænnar leikskýrslu

Allar deildir

Tímalína ritara

- 40 mín fyrir leik – ritari mættur til leiks og hefur vinnu sína.
- **Check Official Match – Execute Check**
- **Load Official Match**
 - **Forsíðan**
 - Setja búningaliti liðanna
 - Velja í regulations Best of 5 fyrir Úrvals- og 1.deild og Best of 3 fyrir neðri deildir
 - Skrá inn nöfn ritara, aðstoðarritara og línuvarða
 - **Roster síða**
 - Setja inn þá leikmenn sem spila leikinn og númer leikmanna og starfsmenn. Þarna þarf að stilla fyrirliða (Captain) og LIBERO
 - Eftir að búið er að setja inn bæði lið kemur gluggi fyrir lykilorð. Þarna VERÐUR þjálfari eða fyrirliði að samþykkja (og fara yfir listann)
 - Hægt er að komast framhjá þessu lykilorði með því að skrifa „jolly“ ef enginn man lykilorðið sitt.
 - **Aðalsíðan**
 - Fyrst þarf að tryggja það að leikurinn verði „LIVE“ og það sé USB kubbur í tölvunni fyrir BACKUP. Lykillinn er í tölvunni af því að ef tölvan klikkar er hægt að setja lykilinn beint í aðra tölvu og halda leik áfram.
 - Eftir hlutkesti dómara með fyrirliðum er vitað hvort liðið byrjar hvoru megin og hvort liðið byrjar með boltann. Takkarnir Switch Sides og Serve to left eða right eru lykilatríði þar.
 - Komið er að því að setja inn sendiraðir (LINEUPS). Smellt er á þann stóra takka á síðunni og númerum raðað inn. Hægt er að tvísmella í rétttri röð eða skrifa númerin inn eða draga númerin yfir.
 - Allt að verða klárt til að byrja.
 - **Að byrja leik**
 - Liðin eru flautuð inn á völlinn og RITARINN þarf að yfirfara hvort liðin standi rétt samkvæmt sendiröð. Aðstoðardómarinn gerir það OG ritarinn. LIBERO er hleypt inn á og smellir ritarinn á á takkann LIBERO IN.
 - LIBERO IN: Tryggja þarf að rétt númer leikmanns sem fer út og inn sé valið í þessu skrefi. Kerfið sjálft lærir svo á hvernig liðið er að skipta ef um reglulegar LIBERO skiptingar er um að ræða.
 - Aðstoðardómarinn byrjar aldrei leik fyrr en RITARINN hefur gefið merki um að hann sé tilbúinn til leiks. Þá hefur ritarinn þegar sett inn LIBEROA liðanna.
 - Aðaldómarinn flautar fyrstu uppgjöf á og þá er smellt á START SET og staðfest með byrjunartíma hrununnar (rauntíminn)

- **Í leiknum sjálfur**
 - Fyrst og fremst að athuga ALLTAF hvort það sé réttur leikmaður í uppgjöf
 - Sjá ALLTAF skiptinguna hjá LIBERO og venjulegum leikmanni. EF eitthvað misjafnt er í gangi skal stöðva leik og láta dómara athuga málið.
 - Hafa ber í huga að lið geta verið með mismunandi kerfi fyrir LIBERO. Þá er alltaf hægt að setja NO á skiptingu.
 - Ef lið eru með tvo LIBEROA geta þeir skipt sín á milli – þá skal Smella á takkann EXCHANGE LIBERO.
 - Takkann LIBERO UNABLE TO PLAY – Skal ekki nota nema það sé raunin!!
 - Sé leikhlé tekið: TIME OUT takki fyrir hvort lið
 - SKIPTINGAR (Substitution). Hægt að gera á tvo vegu
 - Auðveldast er að draga númer þess leikmanns sem er að koma inná völlinn yfir númer þess sem er að fara af velli
 - Hægt að smella á Substitutions og velja númer þess sem fer inná og útaf (hægivirkari aðferð)
 - WARNINGS fyrir töf eða spjöld á liðin. Takki vinstra megin. Velur hvort liðið er að fá WARNING og svo númer ef það er spjald. Ekki þarf að skrifa neitt í NOTES nema að dómariinn biðji um það.
 - Þegar hrina klárast þá færast allt sjálfkrafa fyrir næstu hrinu og niðurtalning í næstu hrinu hefst (3 Mín).
- **Að klára leik**
 - Við lok leiks kemur upp gluggi þar sem ritari skráir inn fjölda áhorfenda á leiknum (Spectators). Þá ber ritara að yfirfara aðrar upplýsingar s.s. nöfn á forsíðu og slíkt.
 - Því næst kemur að samþykki (APPROVALS) þar sem liðin staðfesta úrslit leiksins með sínu lykilorði og dómariinn með sínu.
 - Að því loknu þarf að Hlaða leiknum upp (UPLOAD MATCH) og er það lokaskrefið.

Reglur fyrir ritaborðið

Starfsmenn á ritaborði skulu vera tveir og þeir til staðar á borðinu allan leiktímann. Aðalritari og aðstoðarritari. Æskilegt að ritara séu í starfsmannabolum sem félagið útvegar.

Starfsmenn leikja skulu einbeita sér að leiknum og þeim störfum sem þau sinna. Farsímar eru bannaðir á ritaborði.

Hlutverk aðstoðarritara

- Aðstoða ritara með skiptingar á libero
- Fletta stigatöflu á borði og setja stig á stigatöflu á veggnum og stjórna leikhléum á þeirri töflu

Hlutverk ritara

- Samskipti við aðstoðardómara
- Rita leikskýrsluna – kunna skýrslugerðina 110%

Samantekt á næstu síðu...

Samantekt

Ritari:

- Sækja leik
- Stilla grunnupplýsingar á forsiðu
- Setja inn leikmenn og númer
- Stilla fyrirliða og libero
- Stilla hvoru megin liðin byrja og hvort liðið tekur fyrstu uppgjöf
- Setja inn byrjunarliðin
- Libero IN
- Start set
- Assign point
- Start Rally
- Spectators
- Approvals